

Fréttabréf Mílu

3. tbl. nóv. 2007

Kjarnastarfsemi Mílu ehf er að byggja upp og reka fullkornasta fjarskiptanet á Íslandi. Önnur fjarskiptafyrirtæki tengjast þessu neti í gegnum mismunandi lausnir. Hlutverk Mílu ehf er að selja lausnir sínar til fyrirtækja og stofnana sem stunda fjarskiptastarfsemi. Míla ehf sérhæfir sig m.a. í rekstri og ráðgjöf vegna fjarskiptakerfa, aðstöðuleigu fyrir upplýsingatækni og annarri þjónustu við dreifikerfi.



Skjár Miðlar og Míla skrifa undir samstarfssamning

Skjár Miðlar hefur gert samning við Mílu ehf um kaup á samböndum og þjónustu. Skrið var undir samning þess efnis á milli fyrirtækjanna 6. nóvember síðastliðinn. Samningurinn er fjórþættur og fjallar um dreifingu á sjónvarpsmerkjum Skjás Miðla um Ísland, aðstöðuleigu fyrir senda og loftnet víðsvegar um landið og þjónustu og leigu á samböndum frá Mílu ehf.

Skjár Miðlar er eigandi og rekstraraðili að Skjánum sem nær í dag til 90% þjóðarinnar með dreifikerfi sínu. Á myndinni má sjá Sigríði Margréti Oddsdóttur, framkvæmdastjóra Skjás Miðla og sjónvarpsstjóra Skjásins, Pál Jónsson, tæknistjóra Skjásins, Pál Á. Jónsson, framkvæmdastjóra Mílu ehf, og Evu Magnúsdóttur, forstöðumann sölu og markaðar hjá Mílu ehf, við undirritun samningsins.



Míla starfar í sátt við umhverfið

Stefna Mílu er að taka virkan þátt í uppbyggingu íslensks þjóðfélags og leggur Míla sitt af mörkum til þess að heilbrigðri umhverfisstefnu verði framfylgt á Íslandi.

Starfsmenn Mílu starfa í sátt við umhverfi sitt. Miklar framkvæmdir eru á vegum fyrirtækisins um allt land og fylgir þeim stundum nokkurt rask. Við slíkar framkvæmdir er lögð mikil áhersla á að valda sem minnstu ónæði og ganga vel um landið.

Við uppsetningu fjarskiptamannvirkja er þess vel gætt að þau falli sem best að umhverfinu og að þeim sé komið fyrir í sem mestri sátt við skipulagsyfirvöld, sveitarstjórnir og almenning.

Míla rekur um það bil 180 bifreiðar og kappkostar fyrirtækið að rekstur þeirra sé sem hagkvæmastur og umhverfisvænn. Gerðar eru reglubundnar mengunarmælingar á útblæstri frá bifreiðunum. Allar bifreiðar fyrirtækisins, sem eingöngu eru í innanbæjarakstri, eru á ónegldum vetrardekkjum.

Innan fyrirtækisins eru dagblöð og gæðapappír flutt til endurvinnslu. Pappi, timbur og málmar, sem falla til við starfsemi, eru flokkaðir og þeim komið til endurvinnslu.

Míla hvetur starfsfólk sitt og viðskiptavinum fyrirtækisins til góðra verka í þágu umhverfisverndar og góðrar umgengni við landið.

Einnig leggur Míla lóð á vogarskálarnar til uppbyggingar afreks-íþróttar á Íslandi með stuðningi sínum við Fimleikasamband Íslands.

Benedikt Rúnarsson lítur björtum augum á framtíðarverkefni

Benedikt Rúnarsson er deildarstjóri sölu og markaðar hjá Mílu. Benedikt var að koma úr barneignarleyfi nú um mánaðamótin, eftir fjögurra mánaða fjarveru. Hann var spurður að því hvort hann tæki eftir einhverjum breytingum í starfsemi Mílu á þessum tíma. Að hans mati hefur sérlega mikið gerst í þjónustumálum Mílu frá því snemma í sumar þegar hann fór í leyfi. „Ég tek eftir því að viðbragðsflýtir starfsmanna hefur aukist, einnig þjónustulund og síðast en ekki síst dagleg samskipti við viðskiptavinum. Samhæfing verkefna þar sem ýmsar deildir Mílu koma við sögu hefur líka aukist til muna, sem hefur skilað sér í enn betra samstarfi við viðskiptavinum okkar. Ég lít björtum augum til þeirra verkefna sem framundan eru og hlakka til að takast á við þau,“ segir Benedikt.

Þess má geta að frá því Míla tók til starfa 1. apríl á þessu ári hafa ýmis verkefni verið sett á laggirnar sem miða að því að efla þjónustustig. Eitt af þeim er þjónustukönnun sem staðið hefur yfir í sumar og fram á haust. Könnunin hefur það markmið að greina hvaða þjónustustaðla fyrirtækið þarf að setja til að koma til móts við þarfir viðskiptavina sinna. Þegar er byrjað að vinna úr niðurstöðunum sem munu án efa leiða af sér betri og skilvirkari samskipti.



Á myndinni má sjá Benedikt í nýja barnaherberginu hjá Mílu. Míla er fjölskylduvænt fyrirtæki og hefur því sett upp aðstöðu fyrir börn starfsmanna sinna. Með því gerir Míla starfsmönnum sínum kleift að taka börn sín með í vinnuna þegar þannig stendur á.